Húnaþing vestra
Samþykkt þann
02. júní 2022
Byggingarfulltrúinn
í Húnaþingi vestra




SNIÐ A-A, MKV. 1:100




GRUNNMYND, MKV. 1:100

## Byggingarlýsing:

A. Almenn atriði:
Norðurbraut 10, Hvammstanga.
Landnúmer: 144383

B. Notkun og starfsemi:
Húsið er einbýlishús í notkunarflokki 3.

C. Fjöldi hæða:
Húsið er ein hæð, gert úr aðfluttum timbureiningum á staðsteyptum sökkli og steinsteyptri gólfplötu. Brúttó stærðir hússins eru 183,3 m² og 547,8 m³. Framleiðandi timbureininga er SEVE Ehituse AS í Letlandi.

D, Stærð lóðar:
Lóðin Norðurbraut 10 er 951,2 m². Nýtingarhlutfallið er 0,2. Fjöldi bílastæða er 2. skv deiliskipulagi.

E. Almenn lýsing á burðarvirki:
Þakhalli er 1,3° og hallar til suðurs sunnan skilveggjar og til norður norðan skilveggjar. Þakið er klætt tvöföldum ásoðnum tjörupappa á 18 mm OSB plötur. Þaksperrur eru Kerto 45x300 mm c/c 400 mm. 225 mm glerullar einangrun með SKANO vindplötu sem kemur á milli þaksperra. Neðan á þaksperrur koma 9 mm OSB plötur, 0.2 mm rakavarnarlag, 45x45 mm lagnagrind og 1v13 mm gifsplötur.
Loftræsting yfir einangrun eru 3x38 mm göt með flugnaneti í hvert sperrubil. Þakrennur og niðurföll eru utanáliggjandi.
Útveggir eru úr 45x120 mm timburstoðum mest c/c 600 mm með 125 mm glerullar einangrun í grind. Utan á grind koma 9 mm OSB plötur, 21x45 mm lofturnarlistar og liggjandi timburklæðning. Innan á grind kemur 0.2 mm rakavarnarlag, 45x45 mm lagnagrind fyllt með 50 mm glerull og 1x13 mm Fermacell trefjagifsplötur. Vanda skal sérstaklega frágang rakavarnarlagsins. Gæta skal þess að ekki komi göt á það og frágangur við hurðir, glugga og í kverkum sé þéttur.
Sökklar og gólfplatsa eru staðsteypt. Einangra skal sökkla og undir plötu með 100 mm plasteinangrun 25 kg/m³
Gluggar og hurðir eru pvc gluggar með K- gleri. Þykkt á gleri fer eftir stærð á rúðum (Sjá leiðbeiningar framleiðenda). Loftbil á milli glerja er 12 mm í föstum körmum en 9 mm í opnanlegum fögum og hurðum.

F. Frágangur ytri klæðningar:
Húsið er klætt utan meðliggjandi timburklæðningu á loftunarlistum. Klæðningin er ólituð.

G. Handrið: Á ekki við.

H. Einangrun og U- Gildi:

| | |
|---|---|
| Þak | 0,17 W/m²°C |
| Útveggir | 0,22 W/m²°C |
| Gólf | 0,27 W/m²°C |
| Vegið meðaltal hússins | 0,51 W/m²°C |

I. Gerð innveggja og innihurða:
Innveggir eru gerðir úr 45x95 mm timburstoðum klæddir með 13 mm Fermacell trefjagifsplötum, einangraðir með 100 mm glerull til hljóðeinangrunar. Á veggi að eldhúsi, baði og annars staðar sem þörf er á festingum er bætt við 12 mm OSB plötum.
Innihurðir skulu hafa hindrunarlausa umferðarbreidd minnst 0,8 m breidd og 2,0 m á hæð.

J. Kerfisloft og uppbyggð gólf: Á ekki við.

K, Lagnaleiðir, upphitun og loftræsting:
Húsið er tengt veitukerfum Húnaþings vestra á Hvammstanga, Rarik og Mílu. Húsið er hitað upp með gólfhita. Lagnaleiðir að töppunarstöðum eru rör í rör lagnir í og undir gólfplötu. Inntök eru í geymslu við aðalinngang. Lagnir í útveggjum og loftum liggja í lagnagrind og í einangrun innveggja. Hámarkshiti á neysluvatni er 65°C. Loftræsting er náttúruleg um opnanlega glugga, lokuð rýni eru loftræst á vélrænan hátt. Útsog úr eldhúsi skal vera 30 l/s, baði 15 l/s og þvottahúsi 20 l/s.

L. Brunahólfun og flóttaleiðir:
Húsið er í notkunarflokki 3. Allar veggklæðningar innanhúss eru í flokki 1. Húsið er eitt brunahólf. Flóttaleiðir eru um glugga og hurðir. Björgunarop eru í öllum svefnherbergjum. Slökkvitæki og reykskynjarar eru samkvæmt teikningu.

M. Hljóðvistarkröfur:
Útveggir skulu uppfylla hljóðvistarflokk C samkv. ÍST 45.

N. Öryggiskerfi:
Reykskynjarar og handslökkvitæki eru í húsinu.

O. Tæknibúnaður:
Ídráttarrör frá aðaltöflu að bílastæði skal sett fyrir hleðslubúnað rafbíla.

P. Aðgengi og algild hönnun:
Við hönnun hússins skal tekið tillit til algildrar hönnunar, þannig að ekki þurfi að gera miklar breytingar til að uppfylla skilyrði algildrar hönnunar.

Q. Frágangur lóðar:
Lóðin skal vera fullfrágengin í samræmi við kröfur deiliskipulags.

R. Sorp:
Sorpgeymsla er staðsett norðan við aðalinngang.

## Skýringar

| | |
|---|---|
| SI | Slökkvitæki |
| Et | Eldvarnarteppi |
| R | Reykskynjari |
| ÚT | Útljós |
| BO | Björgunarop |
| EI-60 | Brunamerking |
| Gn | Gólfniðurfall |
| MHL 01 | Matshluti |
| 0101 | Rýmisnr. |
| x.xx | Hæðarkódi |
| F= | Flatarmál lóðar |

SKANNAÐ

| Breyting dags: | Samþykkur: |
|---|---|
| 23.03.2022 | BÞE |
| 21.05.2022 | BÞE |

Hönnunarstjóri: Bjarni Þór Einarsson, kt. 310348-2449
Áritun hönnunarstjóra:

Verk: NORÐURBRAUT 10, HVAMMSTANGA

Viðfangsefni: AÐALUPPDRÁTTUR
GRUNNMYND, SNIÐ OG BYGGINGARLÝSING

Hannað / teiknað: BÞE
Yfirfarið: BÞE
Dagsetnng: 24.11.2021
Samþykkur:
Mælikvarði: 1:100
Verk - Teikning númer: 210801 - N10101


RÁÐBARÐUR SF.
RÁÐGJÖF OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTA
Bjarni Þór Einarsson MTFÍ
Byggingartæknifræðingur Bsc. kt. 310348-2449
Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga, bthe@itn.is
Símar: 455-2511, 892-8296, fax: 455-2509